

Fjarskiptastofa
sent á netfang fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is

Ísafirði 2. maí 2025

Samráð um breytingar á skilyrðum varðandi uppbyggingu farneta á stofnvegum og neyðar- og öryggisfjarskipti.

Vestfjarðastofa vinnur að verkefnum fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi við stjórn sambandsins.

Vísað er til fréttar á vef Fjarskiptastofu þann 1. apríl s.l. þar sem boðað er til samráðs um breyttar forsendur og skilyrði fyrir uppbyggingu farneta á stofnvegum og nýtingu tíðnisviða, umsagnarfrestur settur 14. apríl en síðan framlengdur til 5. maí 2025.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill vísa að nýju til ályktunar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 29. janúar s.l. og ályktana Fjórðungspings Vestfirðinga, sem kynntar voru í samráði um sama mál að hálfu Fjarskiptastofu þann 20. desember 2024. Hér var lýst mikilli óánægju með stöðu verkefnisins með fráhvarfi Öryggisfjarskipta að því.

Fjórðungssamband Vestfirðinga miðar við að Fjarskiptastofa hafi kynnt efni þessara ályktana til viðeigandi stjórnvalda, en sem fram kemur í lýsingu samráðs þá stjórnvöld hafa í engu svarað og ekki við Fjarskiptastofu að agnúast um það, er það og í takti við viðbrögð sem Fjórðungssamband hefur af þessu máli að hálfu stjórnvalda.

Hér verður því eingöngu fjallað um nýjar tillögur í skjalinu Aukasamráð¹.

3. gr Uppbygging háhraða farnets á stofnvegum.

Lýst er ánægju með að leita eigi umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga auk Vegagerðar og Samgöngustofu um forgangsöröðun í vali á sendistöðum. Í viðauka 1 er kynnt forgangsöröðun sem unnin var í samráði við viðbragðsaðila og lögreglu á Vestfjörðum og hefur eitt verkefni á Dynjandisheiði verið unnið. Óskað er eftir að þessir forgangsöröðun verði kynnt aðilum máls.

Lagt er til að aukið verði við ákvæði er varðar mat á forgangsöröðun verkefna, að tekið verði tillit til þjónustutíma vetrarþjónustu. Vísað er hér til að á Vestfjörðum eru langir vegkaflar á Vestfjarðavegi 60 og Djúpvegi 61 þar sem hvorki vegfarendur né viðbragðsaðilar hafa aðgang að farneti eða öryggisfarneti. Þetta eru um leið þeir stofnvegir í landinu sem hafa stysta þjónustutíma vetrarþjónustu í landinu eða 8 til 8,5 tímar í stað 10 til 12 tímar og geta lokast með stuttum fyrirvara vegna ofanflóðahættu. (sjá viðauka 2)

¹ <https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=8fcff2fc-bb46-440a-850a-3e4c89ca4e36&type=pdf>

Þjónustutími er miðaður við umferðatíðni og fjarlægð milli þéttbýlisstaða, markmiðið til að stuðla að jafnræði íbúa landsins innan einstakra atvinnussvæða. Á Vestfjarðavegi 60 og Djúpvegi 61 eru um 200 km á milli þéttbýlisstaða og eða umferðartíðni er verulega lægri en á öðrum langleiðum milli landshluta, því er niðurstaðan styttri þjónustutími.

Ákvörðun um þjónustutíma vetrarþjónustu byggir á vinnureglum Vegagerðar og staðfestar af innviðaráðherra, þeim hefur ekki fengist breytt þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og ályktanir.

Væntingar eru um að umferð um framangreinda vegi muni aukast þegar nýframkvæmdum í Gufudalssveit og Dynjandisheiði lýkur á næstu tveim árum. Reikna má því með auknum fjölda ferðamanna sem þekkja ekki til aðstæðna og eru því mjög háðir góðu farneti. Auk umferðaraukningar vegna almenns vaxtar í atvinnulífi og fjölgun íbúa því tengdu. Óvíst er þó að þjónustutími vetrarþjónustu breytist miðað við viðbrögð stjórnvalda til þessa a.m.k. ekki á forsendum framtíðarvætninga um aukna umferð.

Tillaga að breytingu á 5. mgr 3. gr

Orðist svo (feitlettrað).

Öryggisfjarskipti skal hafa forgöngu um val á sendastöðum og setja fram rökstudda tillögu um forgangsröðun í uppbyggingu nýrra sendastaða. Forgangsröðun verði á þann veg að þeir staðir njóti forgangs þar sem mest þörf er á farnetssambandi til að stuðla að öryggi vegfarenda, m.a. með tilliti til umferðar, **þjónustutíma vetrarþjónustu** og tíðni slysa og annarra atvika sem þarfnast aðkomu viðbragðsaðila. Leita skal umsagna Vegagerðar, Samgöngustofu og landshlutasamtaka **sveitarfélaga**. Fjarskiptafélögin sem bera skyldur um uppbyggingu skulu fara að tillögu Öryggisfjarskipta, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það og skulu þau í slíkum tilvikum setja fram skriflega rökstudda tillögu um breytingar á forgangsröð.

Að hálfu Fjórðungssambandsins starfar fastanefnd um innviðamál og fyrir hönd nefndarinnar er hér með óskað eftir fundi með Fjarskiptastofu þegar niðurstaða samráðs liggur fyrir.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Viðauki 1, forgangsöröðun farnetssenda og Tetrasenda.

Ábendingar um svæði sem æskilegt er að bæta Tetra samband á Vestfjörðum.			Mars 2024.			
Eftirtaldir 21 staðir eru ábendingar viðbragðsaðila á Vestfjörðum um svæði sem æskilegt væri að koma upp Tetra sambandi auk staða sem Neyðarlína hefur haft til skoðunar. 16 Ábendingar fengust við gerð samantektar Gagna ehf fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum. Lögregla hefur síðan bætt við 2 ábendingum og 3 staðir sem ekki voru á ábendingalista voru þegar til skoðunar hjá Neyðarlínunni.						
Þessir 21 staðir hafa verið flokkaðir eftir forgangsmati Lögreglu á Vestfjörðum og mati Neyðarlínu ásamt athugasemdum. Númer staða vísa til númera á upprunalegum ábendingalista (1-16).						
Þetta eru staðir eða staðsetningar sem eru til skoðunar. Ekki hefur verið ákveðið að setja upp senda á þessum stöðum eða svæðum.						
Verð eru gróf viðmiðunarverð frá Neyðarlínu um kostnað við kaup, uppsetningu og rekstur Tetra sendabúnaðar (6m á stað & 1m á ári) en ekki uppsetningu nýrra hýsinga.						
Staðir í forgangi A hjá Lögreglu og þegar í skoðun hjá Neyðarlínu samhliða uppbyggingu nýrra sendistaða í Stofnvegaverkefni fyrir farnetsþjónustu.						
Staður- svæði	Tetra í skoðun	Athugasemd Neyðarlínu	Athugasemd Lögreglu			
4. Klettsháls – vestan megin	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
5. Kleifaheiði – austanverð og út fyrir Brekkuvelli	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
9. Króksfjarðarnes að Flókalundi – All víða í fjörðunum, ekki síst Vattar og Skálmarfirði	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
10. Skötufjörður Djúp – innst vestan megin	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
11. Hestfjörður Djúp – innan til	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
15. Staðardalur Steingrímsfirði	Já	Verður skoðað samhliða uppbyggingi farnets í Stofnvegaverkefni.	Sammála			
		Kaup og uppsetning á sendibúnaði (upb). Rekstur á ári f.u. vsk (upb).	36 millj 6 millj	(m.v. 6 sendistaði)		
Staðir í forgangi A hjá Lögreglu og þegar í skoðun hjá Neyðarlínu en hýsingamál óleyst.						
Staður- svæði	Tetra í skoðun	Athugasemd Neyðarlínu	Athugasemd Lögreglu			
1. Dynjandisheiði	Já	Neyðarlínan metur að í hæsta forgang sé að tryggja bættu þjónustu Tetra kerfis á Dynjandisheiði sé litið til svæða á Vestfjörðum. Stærsta hindrunin við slíka uppbyggingu er aðgengi að grunninnviðum ss. veiturafmagns. Það er mikill áhugi fyrir að fara í tilraunaverkefni á uppbyggingu fjarskiptastaða þar sem hægt væri að koma á þjónustu án aðgengis að veiturafmagni en fjármögnun á slíku verkefni liggur ekki fyrir.	Sammála			
2. Dynjandisvogur – í nágrenni fossins Dynjanda	Já	Háð útfærslu úrbóta á Dynjandisheiði	Sammála			
		Kaup og uppsetning á sendibúnaði (upb). Rekstur á ári f.u. vsk (upb).	12 millj 2 millj	(m.v. 2 sendistaði)		
Staðir í forgangi A hjá Lögreglu en hafa ekki komið til skoðunar hjá Neyðarlínu.						
Staður- svæði	Tetra í skoðun	Athugasemd Neyðarlínu	Athugasemd Lögreglu			
6. Hálfán – Tálknafjarðarmegin	Nei		Lögregla leggur áherslu á að þarna verði líka Tetra			
13. Ísafjörður Djúp – innan til	Nei		Lögregla leggur áherslu á að þarna verði líka Tetra			
Staðir í forgangi B hjá Lögreglu og hafa ekki komið til skoðunar hjá Neyðarlínu.						
Staður- svæði	Tetra í skoðun	Athugasemd Neyðarlínu	Athugasemd Lögreglu			
3. Svalvogavegur 622 – mikið til úti milli Stapadals í Arnarfirði og Keldudals í Dýrafirði	Nei		Ekki athugasemdir			
7. Bjarttangar – Brunnanúpur út að Bjarttöngum	Nei		Lögr. telur æskilegt að þarna verði líks Tetra			
8. Rauðasandur – Rauðasandsvegur að hluta	Nei		Lögr. telur æskilegt að þarna verði líks Tetra			
12. Mjóafjörður Djúp – innan til	Nei		Ekki athugasemdir			
14. Kaldalón Djúp	Nei		Ekki athugasemdir			
16. Ingjaldssandur	Nei		Ekki athugasemdir			
(ný ábending lögreglu) Innanverður Patreksfjörður	Nei					
(ný ábending lögreglu) Arnarfjörður utan við Bildudal	Nei					
Aðrir staðir. Staðir í forgangi B hjá Lögreglu en eru til skoðunar hjá Neyðarlínu.						
Staður- svæði	Tetra í skoðun	Athugasemd Neyðarlínu	Athugasemd Lögreglu			
Kollafjörður, Reykjafjörður og Þröskuldar	Já					

Viðauki 2, þjónustutími vetrarþjónustu.

Opið virka daga fjöldi klst.	Opið um helgar - fjöldi klst.	Vinnsóknar- svæði Byggðastofnunar	Veg nr	Þjónustu-flokkur	Opið virka daga		Opið um helgar		Fjöldi bíla (meðaltal des - mars)	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)
7,5	6	5 Sunnanverðir Vestfirðir	60	3	10:00	17:30	11:30	17:30	50	Klettháls
8	5,5	7 Strandir - Inndjúp	61	3	11:00	19:00	12:30	18:00	125	Steingrímsfjarðarheiði
9,5	7,5	4 Reykhólahreppur	60	3	08:00	17:30	09:30	17:00	75	Hjallaháls, Ódrjúgsháls
10,5	8,5	3 Snæfellsnes	54	3	08:00	18:30	09:30	18:00	125	Fróðarheiði
10,5	8	20 Múlaþing - Þingeyjarsýslur	1	3	09:00	19:30	10:30	18:30	175	S-Hárekstaðarleið
10,5	8	18 Vopnafjörður	85	3	09:00	19:30	10:30	18:30	50	Vopnafjarðarheiði
11,5	12,5	2 Dalir	60	3	08:00	19:30	08:30	21:00	350	Brattabrekka
11,5	9,5	3 Snæfellsnes	56	3	08:00	19:30	09:30	19:00	375	Vatnaleið
11,5	9,5	4 Reykhólar - Dalir	60	3	08:00	19:30	09:30	19:00	250	Svinadalur
11,5	9,5	4 Strandir - Reykhólarhr	61	3	08:00	19:30	09:30	19:00	175	Þröskuldur
11,5	8	13 Þingeyjarsýslur - Múlaþing	1	3	08:00	19:30	10:30	18:30	150	N-Hárekstaðarleið
12	10,5	5 Sunnanverðir Vestfirðir	62	3	08:00	20:00	09:30	20:00	100	Kleifaheiði
12	10	10 Skagafjörður	744	3	07:30	19:30	09:00	19:00	350	Þverárfjall
12,5	11	5 Sunnanverðir Vestfirðir	63	3	07:30	20:00	09:00	20:00	275	Miklidalur / Hálfán (175 bílar)
12,5	10,5	17 Þórshöfn-Raufarhöfn	85	3	07:30	20:00	09:00	19:30	50	Hófaskarð
12,5	10,5	18 Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjörður)	85	3	07:30	20:00	08:30	19:00	50	Sandvíkurheiði
12,75	10,5	6 Norðanverðir Vestfirðir	60	3	07:25	20:00	09:00	19:30	150	Gemlufallsheiði
13,5	12,5	2 Borgafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:00	850	Holtavörðuheði
13,5	13	12 Eyjafjörður - Skagafjörður	1	2	08:00	21:30	08:30	21:30	800	Öxnadalshéiði
15,5	14,5	20 Hérað - Seyðisfjörður	93	2	06:30	22:00	07:00	21:30	250	Fjarðarheiði
15,5	14,5	21 Fjarðabyggð - Múlaþing	1	2	06:30	22:00	07:00	21:30	925	Fagridalur

Þjónustutími vetrarþjónustu á fjallvegum 2023-2024 innan og eða milli vinnusóknarsvæða